

Jólin hans Antons

Louise Roholte, fylgiblað með Hjemmet 2015

Lestrarbók í desember



*Helga Hauksdóttir
Skóladeild Akureyrar
nóvember 2016*

Jólin hans Antons

Þessi saga er um Anton. Hann er lítill jólasveinastrákur sem vildi halda sín eigin jól, án fjölskyldunnar, af því að hann vildi ekki deila með öðrum. Hann vildi ekki deila hrísgrjónagratnum, ekki jólatrénu og ekki jólagjöfunum. En heldur þú að það hafi verið góð hugmynd hjá Antoni?



Getur þú fundið fleiri stráka- og stelpunöfn sem byrja á A?

1. desember

Það er dimmt úti þegar Anton vaknar. Hann veltir sér á hina hliðina og reynir að sofna aftur.

Ga- ga- ga – ga gó!!

Anton dregur sængina alveg upp fyrir höfuð en það þýðir ekki neitt. Haninn galar svo hátt að það heyrst í honum, alveg undir sængina hans Antons.

Þetta eru hræðileg hljóð, hrópar Anton. Ef þessi heimski hani þarf að gala svona snemma á morgnana, finnst mér að hann eigi að flauta skemmtilegt jólalag, í staðinn fyrir þetta ljóta gal.

Anton stekkur fram úr rúminu og hleypur að glugganum. Hann ætlar að skamma hanann fyrir að gala svona hátt. Þá man hann allt í einu hvaða dagur er í dag. Það er 1. desember! Það merkir að nú er skemmtilegasti mánuður ársins loksins að byrja. Anton flýtir sér að setja rauðu húfuna sína á kollinn og dansar að jólageitinni sem stendur við hliðina á rúminu hans.

- Veist þú að það er 1. desember í dag? spyr hann.

Jólageitin svarar engu – en það er allt í lagi, vegna þess að hún er búin til úr hálmi og kann þess vegna ekki að tala.

Anton klifrar upp á bakið á geitinni og ímyndar sér að hann sitji á hreindýri jólasveinsins. Hann lokar augunum



og hann getur næstum séð jólasveininn koma á sleðanum sínum sem er fullur af gjöfum. Hvaða gjöf ætli hann fái núna?

2. desember

Stór, hvít snjókorn falla til jarðar. Alfreð, litli bróðir hans Antons togar í ermina á peysunni hans og spyr hvort þeir eigi að koma út og búa til snjókarl.

- Nei, ég ætla að búa til minn eiginn snjókarl og hann á að vera risastór, segir Anton. Bræðurnir sækja hlýju, rauðu treflana sína og flýta sér út. Anton brosir þegar snjókornin lenda á nefinu á honum. Þetta er alvöru jólasnjór hugsar hann.

- Æ, æ! Anton hrekkur við þegar grís ýtir í hann með trýninu. Hann er nærri dottinn um köttinn sem stendur við hliðina á honum. Antoni finnst dýrin vera fyrir en pabbi tekur litla grísinn upp og klórar honum á maganum. Nei, hvað þetta er sætur grís, segir mamma. Komdu með hann inn svo hann geti hlýjað sér aðeins. Grísinn rýtir glaður og blakar bleikum eyrunum.

Alfreð sér köttinn og strýkur honum yfir bakið.

– Nei, hvað þú ert mjúkur, segir hann. Eigum við tveir kannski að búa til snjókarl saman? Það vill kötturinn gjarnan gera. En Anton hleypur út á tún til að vera í friði. Þar ætlar hann að búa til stóran snjókarl, sem hann á aleinn!



3. desember

Í dag sækir jólasveinamma stóru sleifina sína og setur gamla tréfatíð á eldhúsbekkin. Anton kemur hlaupandi inn í eldhús og tyllir sér á tær. –
Ætlum við að baka smákökur í dag? spyr hann.

- Já, Anton minn, segir mamma brosandí. Í dag ætlum við að baka brúna tertu með kremi, hunangshjórtu og piparkökur.

Bráðlega fyllist húsið af bökunar-ilmí úr eldhúsinu. Anton og Alfreð teygja sig í nýbakaðar piparkökur þegar fyrsta platan kemur út úr ofninum. Mmm hvað þær eur góðar!


Jólasveinamma biður pabba um að taka svolítið af nýbökudum kökum, mylja þær niður og fara og gefa hænunum að smakka. Anton reynir að mótmæla mömmu en það þýðir ekki neitt. Hún segir að jólin séu fyrir alla. Dýrin þurfa líka að fá góðan mat þegar það er kalt úti, segir hún. Anton skilur ekkert í þessu. Geta þau ekki bara borðað rúgbrauðs-skorpur og flusið af eplunum, spyr hann.

Mamma hristir hausinn og minnir Anton á, að á jólnum eigi allir að deila því góða og gefa öðrum með sér. Þetta er nú meiri vitleysan, hugsar Anton en pabbi er sammála mömmu. Hann mylur niður brúna tertu. Nú verða hænurnar glaðar, segir hann og brosir.

Anton eltir pabba út í hæsnahús þar sem hann hellir nýju brauði í matardall hæsnanna.

-Púdda, púdda, púdd, kallar pabbi og hænurnar koma strax hlaupandi til að fá sér bita.

En hvar er haninn? Anton sér að hann stendur uppi á priki og galar. En hann flýtir sér niður og allur hæsnaskarinn er upptekinn við að borða brúna tertu. Nokkrum mínútum seinna er öll tertan búin.



4. desember

Jólasveinamamma á stóran, svartan pott. Í honum sýður hún hrísgrjónagraut. Þegar sleifin hennar mömmu strýkst við botninn á pottinum heyrir alveg sérstakt hljóð. Anton þekkir þetta hljóð mjög vel og hann heyrir það, jafnvel þó að hann sé úti að leika sér. Mamma bakar mjög góðar smákökur en honum finnst hrísgrjónagrauturinn enn betri. Anton flýtir sér inn. Hann tekur af sér vettlingana og hendir úlpunni og treflinum frá sér og hleypur inn í eldhús.

- Hvenær verður grauturinn tilbúinn? spyr hann. Mamma hrærir enn einu sinni í pottinum.

- Ja, ég held að hann sé bara tilbúinn, segir hún.

Anton flýtir sér að þvo sér um hendurnar áður en hann fær sér graut. En grísinn hefur líka fundið ilminn af grautum og stingur nú trýninu inn um eldhúsdyrnar.

Nei, þessi grís er nú meiri frekjan, hugsar Anton og ýtir rassinum í grísinn, til að reyna að reka hann burt frá pottinum. Hann blæs á heitan grautinn og reynir að ýta grísnum burt.

- Svona, svona Anton, segir mamma. Grísinn má líka fá að smakka grautinn. Hún teygir sig upp í skáp og nær í stóra skál. Hún setur stóran skammt af graut í skálina og setur á gólfið fyrir framan grísinn.

Ég hefði nú alveg getað borðað líka það sem grísinn fékk, muldrar Anton. – Ef ég héldi mín eigin jól, þá þá gæti ég fengið allan grautinn sjálfur.



5. desember

Fyrir hver jól fer pabbi til slátrarans til að kaupa pylsur, bjúgu og kjöt til að borða um jólin. Anton bíður spenntur eftir því að sjá hvaða góðgæti pabbi kemur með heim í þetta sinn. Hrísgjónagrauturinn hennar mömmu er það besta sem hann fær – en hann vonar nú samt að pabbi komi með pylsur sem hann geti fengið að smakka.



Anton situr uppi í gluggakistu í herberginu sínu. Hann heldur niðri í sér andanum þegar hann heyrir að einhver gengur eftir pallinum úti.

Pabbi er kominn heim. Anton stekkur niður úr glugganum og hleypur niður stigann. - Pabbi, pabbi, hrópar hann. Má ég...?

Anton hvessir augun á köttinn sem nuddar sér upp við pabba, sem heldur á stórum bakka með pylsum og kjöti. Allt í einu stekkur kötturinn upp og hnuplar einni pylsu. Pabbi stoppar aðeins, en horfir svo brosandi á eftir kisu sem hleypur í burtu með pylsuna í kjaftinum.

Þú hefðir átt að ýta kettinum í burtu, segir Anton. Kettir eiga ekki að borða pylsur. Þeir geta veitt sér mús eða fisk og þá hefði ég getað fengið pylsuna. En pabbi er ekki sammála.

Ef ég gæti haldið jólin einn, þá fengi ég allar pylsurnar sjálfur, hugsar Anton.

Hvað borðar þú á jólinum?



6. desember



Anton liggur í rúminu sínu og horfir upp í loftið. Hann er reiður við jólasveinamömmu og pabba. Nú eru þau búin að gefa dýrunum á bænum bæði smákökur, hrísgrjónagraut og pylsur. Allt þetta finnst Antoni mjög gott og hann hefði viljað borða þetta allt saman sjálfur.

Hann stekkur fram úr rúminu og setur á sig rauðu húfuna sína. Hann fer fram til mömmu.

- Mamma, það er dálítið sem við verðum að tala um, segir hann. Mamma svarar ekki strax og Anton þrammar inn í stofu, þegar hann heyrir að þar eru einhverjir að hlæja. Það eru Alfreð og besti vinur hans sem eru að leika sér með stóran, brúnan poka. Já, þetta er eiginlega poki eins og jólasveinninn er vanur að hafa gjafirnar sínar í. Kannski hann hafi komið snemma með gjafirnar þetta árið?

Anton hleypur að pokanum og ýtir strákunum í burtu.

- Farið þið frá, segir hann og hoppar niður í pokann.

- Anton, hvað ert þú að gera? spyr mamma hissa.

- Ég er að leita að gjöfunum mínum, svarar Anton innan úr pokanum.

- Þetta er bara gamall hveitipoki sem við fundum úti í hlöðu, segir vinur Alfreðs. - Það fær enginn gjafir fyrr en á aðfangadag.

Anton hafði verið í vondu skapi áður en nú varð hann enn reiðari.

- Þú ert allur hvítur, sögðu strákarnir og hlógu þegar

Anton skreið út úr pokanum. Anton leit niður á buxurnar sínar og dustaði af sér mesta hveitið.

- Nú er ég búinn að fá nóg, hrópaði hann. Ég hef ákveðið að nú ætla ég að halda jólin EINN, án ykkar!



7. desember

Anton veit um lítinn kofa úti í skógi. Hann er fullkominn staður til þess að halda jólin einn. Þá þarf hann ekki að vera með Alfreð og vinum hans og þar eru engin dýr sem borða jólamatinn frá honum. Honum finnst þetta vera besta hugmynd sem hann hefur fengið lengi.



Þegar ég held jólin einn, þarf ég ekki að deila með neinum öðrum, hugsar Anton. Hann hlakkar líka til að skreyta kofann, alveg eins og hann vill sjálfur. En Anton þarf að hafa margt með sér. Hann ákveður að búa til minnislista og skrifa niður allt sem hann þarf að hafa í kofanum um jólin. Hann laumast inn í eldhús og horfir á kökubaukana hennar mömmu sem eru í efstu hillunni.

Þegar mamma fer út á snúru með þvott klifrar hann upp á borð og teygir sig í baukana. Hann nær sér í piparkökur og mömmukökur og setur í poka. Þegar hann er búinn að opna kleinubaukinn og er að setja kleinur í poka stendur mamma allt í einu inni í eldhúsi. Hún hafði gleymt klemmunum og snúið við.



Anton, hvað í ósköpunum ert þú að gera með allar þessar Kleinur? Anton verður svolítið rauður í framan og skömmustulegur.

– Ég þarf að eiga nokkrar Kleinur í kofanum um jólin, segir hann.

- Ertu viss um að þú viljir ekki halda jólin með okkur? spyr mamma og andvarpar.

–Já, ég er alveg viss, svarar Anton.

–Jæja, jæja, segir mamma. –Þá verður þú að fá pokann sem strákarnir voru að leika sér með í gær og setja í hann eitthvað af mat og kökum.

Anton verður glaður og þegar mamma snýr sér við og fer aftur út á snúru flýtir hann sér að setja nóg af Kleinum og smákökum í pokann.



Teiknaðu snúruna hennar mömmu. Á snúrunni hanga tvær jólasveinahúfur, tvennar buxur, ein röndótt peysa og tvö pör af rauðum sokkum.

Við hliðina á snúrunni er fallett jólatré.

8. desember

Anton liggur undir hlýrri sænginni í rúminu sínu og hlustar á hanann gala.


Pokinn með smákökunum stendur við hliðina á rúminu. Hann horfir á hann og hugsar um hvað hann vanti fleira til að halda jól í kofanum. Hann verður að muna að hafa með sér jólagraut, kanelsykur og rjóma. Hann má heldur ekki gleyma pylsunum og svínasteikinni.

Anton elskar jólin og hann fær fiðring í magann þegar hann hugsar um allan góða matinn sem hann ætlar að borða, smákökurnar og svo jólas krautið sem hann ætlar að setja upp í kofanum. Það sem hann hlakkar til að geta haft allan góða matinn bara fyrir sig einan. Hann stekkur fram úr rúminu og opnar pokann. Það er best að passa hann vel, svo að kötturinn komi ekki og steli sér bita – eða lítil, svöng mús, sem á að vera úti í snjónum eða úti í hlöðu.

- Anton, kallar mamma. Ætlar þú ekki að koma og borða hafragrautinn þinn?

- Jú, ég er alveg að koma, svarar Anton.

Hann setur á sig rauðu húfuna og stekkur svo niður stigann til mömmu, sem bíður með heitan graut í skál.



Hvaða orð passa saman?

| | |
|-------------|----------|
| Jólatré | frímerki |
| Jólagrautur | sleði |
| Jólasveinn | skraut |
| Jólakort | skeið |
| Jólasnjór | skegg |

9. desember

Pabbi situr við eldhúsborðið og telur á fingrum sér.

-Hvað ertu að telja pabbi? spyr Anton.

- Ég er að telja hvað það verða margir hjá okkur á aðfangadagskvöld, segir pabbi. Ég verð að finna tré sem er passlega stórt til að við getum gengið í kringum það og sungið jólalögin.

- Þú manst að telja mig ekki með, af því að ég ætla að halda jólin í kofanum í skóginum, segir Anton. Pabbi hrukkar ennið.

-Mér finnst nú að þú eigir að halda jólin með okkur, segir hann en þú verður auðvitað að ákveða það sjálfur. – Ætlar þú að hafa þitt eigið jólatré í kofanum? Anton


kinkar kolli um leið og hann stingur síðustu skeiðinni af hafragrautum upp í munninn.

-Jæja, segir pabbi. Þá er nú best að ég fari út og finni töfra-gæsina mína. Hann stendur á fætur og fer út. Hann kallar á gæsina sem kemur strax fljúgandi og sest fyrir framan hann.

-Hefur þú tíma til að fljúga með mig út í skóg til að leita að fallegu jólatré? spyr pabbi. Gæsin leggst niður og pabbi klifrar á bak henni. Hann grípur um hálsinn á gæsinni til að detta ekki af, þegar hún flýgur af stað.

-Góða ferð! hrópar Anton.

Pabbi veifar en grípur strax aftur utan um hálsinn á gæsinni sem er komin hátt upp yfir bæinn og flýgur í áttina að skóginum.



Nú erum við búin að heyra um 5 tegundir af dýrum í sögunni um Anton og fjölskyldu hans.

Manst þú hvaða dýr það eru? _____

Hvaða dýr er uppáhalds dýrið þitt? _____

Teiknaðu jólamynd



10. desember

Þegar Anton er búinn með allan grautinn sinn, drekkur hann fullt glas af mjólk, svo að hann fær mjólkurskegg, langt út á kinnar. Hann stekkur niður af stólnum og togar í ermina hans pabba, sem er að klára úr kaffibollanum sínum.

- Getum við farið núna út í skóg og sótt jólatréð? spyr hann.

- Já, það væri fínt að gera það núna, segir pabbi og brosir. – Ef þið takið töfragæsina með ykkur getur hún sýnt ykkur hvar það liggur.

Alfreð tekur trefilinn sinn og vefur honum tvo hringi utan um hálsinn. Anton setur á sig hlýju vettlingana sína og svo hlaupa þeir út til að ná í sleðann. Þá geta þeir dregið jólatréð heim.

- Kæra töfragæs! hrópar Alfreð. – Vilt þú vera svo góð að koma með okkur út í skóg og sýna okkur hvar jólatréð okkar er. Gæsin var að fá sér korn með hænsnunum en hún kom strax hlaupandi.

Pabbi kemur út og horfir á strákana.

- Pabbi, fannst þú líka jólatré handa mér? spyr Anton.

- Hm, það var nú dálítið erfitt að finna jólatré sem einn lítill jólasveinastrákur getur gengið í kringum, sagði hann. Flest trén eru svo stór að það þarf að minnsta kosti þrjá krakka, mömmu, pabba, kött og grís til að ná í kringum þau.

Anton stappar niður fætinum. Hann er reiður.

- Hvar á ég þá að raða jólagjöfunum mínum? spyr hann. Og hvar á ég þá að hengja rauðu jólahjörtun mín?

- Jæja, jæja, segir pabbi. Ég skal reyna að finna tré handa þér líka.



11. desember

Anton er enn fýldur yfir því að pabbi hafi ekki fundið tré handa honum til að hafa í kofanum. Hann verður enn fúlli þegar hann sér hvað Alfreð og jólasveinastelpan eru ánægð með jólatréð sem nú er komið heim á sleðanum. Hann dregur húfuna niður fyrir augu til að þurfa ekki að horfa á alla þessa gleði. Allir fagna trénu. Grísinn dansar í kringum sleðann og skógarprestirnir syngja í trjánum, þó að það sé snjór og kuldi úti.

- Jæja, nú skulum við koma trénu inn í stofu, segir mamma. Alfreð og pabbi fara strax að toga tréð að dyrunum og eru nærri búnir að velta Antoni um koll, þar sem hann stendur súr á svip, með húfuna niður að nefi. Hann vill samt fylgjast með hvernig gengur að koma trénu fyrir og þrammar inn á eftir þeim.

-Þú hefur fundið fallegasta tréð í skóginum, segir mamma við pabba. – Þegar stjarnan verður komin í toppinn á trénu mun það ná alveg upp í þak – og þannig á það einmitt að vera.

Pabbi brosir breitt og Alfreð og jólasveinastelpan dansa í kringum tréð með grísnum og töfragæsinni.

- Við þurfum að halda upp á það að jólatréð er komið á sinn stað, segir mamma. Komum nú öll fram í eldhús og fáum okkar heitt kakó og kleinur.

Anton lítur illu auga til trésins um leið og hann eltir hin fram í eldhús.

Þrátt fyrir allt er hann ekki í svo mikilli fýlu að hann vilji ekki fá sér af kleinunum hennar mömmu.



Hvernig kökur vilt þú helst borða um jólin?

12. desember

Það er alltaf spennandi þegar mamma sækir kassann með skrautinu á jólatréð. Alfreð flýtir sér að sækja stóra tröppu og setur hana hjá trénu. Það er svo stórt að Alfreð verður að standa uppi í tröppunni til að ná í efstu greinarnar.

- Vilt þú ekki hjálpa okkur að skreyta tréð? spyr mamma Anton.

Anton hristir hausinn.

- Nei, ég vil hafa mitt eigið jólatré, segir hann.

Pabbi situr í ruggustólnum sínum og hrýtur. Anton potar í magann á honum, þangað til hann hrekkur við og vaknar.

- Hefur eitthvað komið fyrir?, spyr pabbi – hefur grauturinn kannski brunnið við?

-Nei, en ég er reiður, af því að þú hefur gleymt mér, segir Anton. Ég þarf að hafa jólatré í kofanum og þú varst búinn að lofa að finna lítið tré.

-Æi já, það er alveg rétt segir pabbi, nuddar augun og er ennþá syfjaður. Hann stendur upp, teygir sig og geispar.

Anton flýtir sér að setjast í ruggustólinn og horfir á eftir pabba sem hverfur út í hlöðu. Eftir litla stund kemur hann til baka með litla, fallega grenigreini í potti.

Anton tekur pottinn og horfir á litlu greinina.

Þetta er reyndar ekki alvöru jólatré – en samt gott fyrir einn lítinn jólasveinastrák.

- Hvernig líst þér á þetta? spyr pabbi.

- Já, þetta er allt í lagi, svarar Anton. – Nú vantar mig bara stóra skál af hrísgrjónagraut og þá er ég að verða kominn með allt sem ég þarf til þess að halda jólin mín í kofanum.



13. desember

Anton þarf ekki sleða til þess að draga jólatréð út í kofann. Hann tekur pottinn undir hendina og þrammar af stað í snjónum. Það er erfitt að ganga í djúpum og mjúkum snjó, svo hann er feginn þegar hann ýtir upp hurðinni að kofanum. Kofinn er kaldur en Anton er ánægður af því að hér ræður hann öllu einn. – Ég þarf bara að fara út og sækja eldivið til að setja í ofninn, hugsar hann. Þá verður fljótt hlýtt hjá mér. Hann flýtir sér út og leitar að þurru spreki til að setja í ofninn. Brátt logar eldurinn og Anton horfir glaður á logana.



Allt í einu heyrir hann eitthvert þrusk. Hann hrekkur við og verður svolítið hræddur. Hvað getur þetta verið? Hann snýr sér við og sér þá tvær brúnar kanínur sem eru að skreyta jólagreinina hans með örlitlum gulrótum.

Anton setur hendur á mjaðmir og hrópar:



- Hvað eruð þið að gera? Ég vil ekki hafa grænmeti á jólatrénu mínu!

Viljið þið gjöra svo vel að fara út, áður en ég verð verulega reiður.

- Kanínurnar stara á Anton, dauðhræddar. Þær flýta sér að safna gulrótunum saman og stökkva fram hjá Antoni, sem hefur opnað út og stendur í dyrunum.

- Ég deili ekki jólatrénu mínu með neinum, segir hann. Þið verðið að gjöra svo vel að finna ykkar eigið jólatré.

Hann skellir hurðinni aftur og gengur svo inn í kofann. Hann tekur litla jólatréð upp og faðmar það að sér. Það sem ég er heppinn að eiga mitt eigið tré, hugsar hann.

Hefur þú séð jólatré sem er skreytt með gulrótum? _____

Teiknaðu jólatré eins og kanínurnar vilja hafa það 😊



Stafaruðl

Anton lítur á minnislistann sinn og athugar hvort hann hafi ekki munað eftir öllu skrautinu á jólatréð.

En hvað hefur gerst? Stafirnir hafa færst til, svo það er erfitt að lesa orðin.

Getur þú hjálpað honum að laga orðin og teikna mynd af skrautinu.

Kurúl _____

hrtuöj _____

srnatja _____

14. desember



Anton stendur í eldhúsinu og horfir á mömmu hræra í pottinum. Hann nær sér í skeið og stelst til að smakka örlítið.

- Mmm, hvað grautturinn er góður, segir hann. Varstu að búa hann til handa mér?

- Nei, segir mamma. – Grautturinn er handa okkur öllum.

- Já en ég þarf að hafa mikinn graut með mér í kofann, segir Anton og bendir á mömmu með skeiðinni. – Ertu búin að gleyma því?

Jólasveinamma lagar rauðu hífuna á hausnum og sagði:

- Ég hélt kannski að þú værir búinn að skipta um skoðun og ætlaðir að halda jólin með okkur, eins og þú ert vanur. Ef þú ert ákveðinn í að halda jólin einn, verð ég að sækja meiri hrísgrjón út í hlöðu, svo að við eigum nóg handa öllum. Mamma setur köflótta sjalið sitt á herðarnar því það er kalt úti og hún þarf að ganga út í hlöðu þar sem sekkurinn með hrísgrjónum er geymdur.

Anton hugsar sig aðeins um, en ákveður svo að fara með mömmu. Það er best að vera öruggur um að hún taki nógu mikið af grjónum. Síst af öllu vill hann skorta graut um jólin.

Orðin hér í fyrri dálknum hafa öll komið fyrir í sögunni okkar. Hvað merkja þau? – Finndu orð með sömu merkingu í seinni dálknum.

skorta

bragða

hnupla

vanta

smakka

ganga

þramma

stela

15. desember

Mamma og Anton eru í eldhúsinu og nú ætlar mamma að elda grjónagraut. Anton situr á skammeli við hliðina á henni og fylgist með því að hún setji nóg af grjónum í pottinn. Þegar mamma lítur burt flýtir hann sér að bæta svolítið meiru við.

-Jæja Anton, hvað heldurðu að þú getir borðað mikið af graut? spyr hún.

-Ég get örugglega borðað þetta allt, svarar Anton og horfir á pottinn.

- Heldurðu að þú fái ekki í magann?

-Nei, svarar Anton - og þó að ég fái kannski pínulitla magapínu er mér alveg sama af því að mér finnst grauturinn svo góður.

Þegar grauturinn er tilbúinn, stráir mamma svolitlu salti yfir hann og Anton nær í stærstu skálinu sem hann finnur í skápnum.

- Þú mátt alveg fylla þessa, segir hann.

Mamma setur fjórar fullar ausur af graut í skálina en Anton vill alltaf fá meira og loks er skálin orðin svo þung að hann getur varla lyft henni.

- Ég held að þú verðir að fá pabba til að hjálpa þér með skálina út í kofann, segir mamma.

Anton nær í pabba en honum finnst skálin líka allt of þung til að bera hana út í kofann. – Ég held að við verðum að athuga hvort grísinn geti ekki hjálpað okkur, segir hann.

Veist þú hvað „skammel“ er?

Skammel er lágt sæti til þess að hafa fæturna á. Litlum krökkum finnst oft gott að sitja á skammeli.



16. desember

Nú er allt að verða tilbúið í kofanum fyrir jólin. Anton er búinn að fara með nóg af mat, jólatré og jólaskraut.

Nú stendur hann heima og er tilbúinn til að flytja í kofann fyrir jólin.

Hann klæðir sig vel, dregur húfuna niður fyrir eyru og fer svo út. Þar hittir hann Alfreð, sem er að leika við gæsirnar og pabba, sem er að raða eldivið inn í skúrinn.

- Jæja, segir Anton. Nú er ég tilbúinn til að flytja í kofann og ég kem ekki til baka fyrr en EFTIR jól.

- Oh, ertu nú viss um það? spyr pabbi. – Ég vildi helst að við værum öll saman þegar við borðum jólamatinn og dönsum í kringum tréð.

- Já, en nú verðið þið að vera án mín, segir Anton. Ég ætla að vera einn á aðfangadagskvöld og ég er vissum að þetta verða bestu jól sem ég hef nokkru sinni lifað.

Hann fer inn í eldhús og kveður mömmu og síðan segir hann bless við pabba og Alfreð og heldur af stað yfir túnið og að skóginum, þar sem kofinn stendur. Hann heyrir einhvern þyt á bak við sig og snýr sér við. Þar er þá gæs sem hefur elt hann að heiman.



- Þú mátt alveg fylgja mér, segir hann – en þegar við komum að kofanum verður þú að snúa við og fara heim aftur. Ég vil nefnilega vera einn með jólunum mínum.



17. desember

Það er orðið bjart þegar Anton vaknar næsta morgun. Hann er hissa á því að hafa ekkert heyrt í hananum. Skyldi hann vera veikur eða hættur að gala?

Þegar hann sest upp man hann að hann er ekki í rúminu sínu heima. Hann er einn í kofanum við skóginn og haninn er heima hjá mömmu og pabba. Þau eru örugglega komin á fætur fyrir löngu en hann er svo heppinn að geta sofið eins lengi og hann vill.

Anton teygir úr sér og geispar og stekkur svo fram úr rúminu. Gólfið er ískalt. Af hverju er pabbi ekki búinn að kveikja upp, hugsar Anton en man svo að pabbi er ekki hér. Hann er aleinn í kofanum – og þannig vildi hann hafa það.

Hann sparkar í eldiviðarkörfuna þegar hann sér að hún er tóm. Hann er búinn með eldiviðinn og nú þarf hann að fara út í skóg og safna saman þurrum greinum til að geta kveikt upp í ofninum.



Vindurinn hvín og blæs þegar hann opnar dyrnar. Hann er að safna saman eldiviði þegar hann heyrir hvín í loftinu og hann er nærri fokinn um koll þegar hann sér mömmu,

pabba og Alfreð þjóta framhjá á stóra sleðanum sínum. Nú hafa þau verið í heimsókn hjá frænda gamla til að sækja jólasaftina út á grautinn, eins og þau gera fyrir hver jól.

Það var alltaf gaman hjá frænda. Anton hefði viljað vera með í þessari ferð – en hann hafði sjálfur ákveðið að hann vildi vera einn um jólin.



18. desember

Anton situr í gluggakistunni og horfir á stór, hvít snjókorn falla af himnum.

Það er komið kvöld og hann heyrir ugluna væla inni í skóginum.

Þetta hefur verið langur dagur. Antoni finnst skrytið hvað hann hefur verið lengi að líða, af því að nú hefur hann getað haft allan daginn nákvæmlega eins og hann hefur óskað sér.

Stundum hlær mamma svo innilega að hann finnur til í eyrunum og pabbi hrýtur svo hátt í ruggustólnum að allt húsið hristist. Það er gott að losna við hávaðann í þeim og það er líka gott að losna við að Alfreð banki á hurðina hans til að biðja hann um að koma út að leika eða búa til snjókarl.

Anton horfir niður á hendur sínar og andvarpar. Það er auðvitað frábært að vera einn – en það er samt ekki laust við að hann sakni hláturs mömmu og háværra hrotanna í pabba. Það er heldur ekki svo slæmt þegar Alfreð rekur inn kollinn og spyr hvort þeir eigi að gera eitthvað skemmtilegt saman.

Anton hristir hausinn. Aðvitað á hann ekki að hugsa svona, einmitt núna þegar allt er eins og hann vill hafa það.

Hann veltir fyrir sér hvað hann eigi að gera til að komast í betra skap.

Venjulega fengi hann sér stóra ausu af graut

eða nokkrar smákökur en hann er búinn að

borða svo mikið í dag að hann er alveg að

springa. Það er best að fara bara að sofa.



19. desember

Anton er enn dapur þegar hann vaknar næsta morgun. En nú á hann nógan eldivið til að kveikja upp í ofninum. Í dag er 19. desember og bara 5 dagar þangað til Jólasveinninn sjálfur kemur með pakkana til hans.

Það verður mjög spennandi að sjá hvað verður í poka jólasveinsins, af því að Anton var búinn að skrifa ýmis leikföng á langan óskalista.



Anton tekur sér góðan tíma til að borða morgunmatinn og klæða sig. Vísar gömlu klukkunnar á veggnum hreyfast ótrúlega hægt. Hvað á hann nú að gera?

Hann fer út og horfir á nýfallinn snjóinn í kring um kofann.

Allt í einu sér hann lítil spor. Hver skyldi hafa verið þarna á ferð? Kannski lítill íkorni. Litlir íkornar með stórt og loðið skott koma oft heim að bænum um jólin. Þá er mamma von

að fara út með dálítið af hnetum og gefa þeim. Antoni finnst

það reyndar mesti óparfi. Þessir íkornar hljóta að geta safnað sínum eigin hnetum eins og allir aðrir íkornar. Hann getur sjálfur hugsað sér að borða þessar hnetur sem mamma er með.

- Íkorni, litli íkorni, hvar ertu,? Anton leggst á hnén til að horfa undir stórt grenitré en sporin eru horfin. Kannski er íkorninn kominn heim til mömmu til að fá hnetur? Anton stendur upp og burstar

snjóinn af buxunum og andvarpar. Það hefði nú

verið gaman að hafa einhvern til að tala við núna

– jafnvel bara lítinn, brúnan íkorna.



20. desember

Nú eru aðeins fjórir dagar til jóla og Anton getur varla beðið eftir að jólasveinninn komi með gjafirnar. Að opna jólagjöf er eitt af því allra skemmtilegasta sem hann gerir. Anton brosir þegar hann hugsar um hvernig Alfreð hoppar af spenningi áður en hann opnar pakkana og svo þvælist hann allur í pappírnum sem hann rífur utan af pökkunum.

Kannski hann ætti að búa til jólagjöf handa Alferð? Hann yrði örugglega ánægður með að fá óvænta gjöf. Anton sest við ofninn og finnur sér góðan trjábút. Hann tekur upp vasahnífinn, sem pabbi gaf honum einu sinni og byrjar að tálga. Smám saman breytir hann trjábútnum í lítinn, bústinn grís. Þegar hann lítur á klukkuna sér hann að tíminn hefur flogið áfram á meðan hann vann. Anton er ánægður með árangurinn. Hann stendur á fætur og finnur pappakassa sem hann setur grísinn í og svo bindur hann fallega slaufu utan um pakkann.



Skemmtilegast hefði verið að gefa Alfreð pakkann sjálfur en það er ekki hægt. Hann hafði sagt að hann kæmi ekki heim fyrir jól. Hann verður að sýna mömmu og pabba að honum hafi verið alvara og standa við það. Anton ákveður að það sé best að reyna að finna jólasveininn og biðja hann um að koma pakkanum til Alfreðs.

Hvað er það besta sem þú hefur fengið í jólagjöf? _____

21. desember

Anton leggur af stað út í skóg til að leita að jólasveininum. Hann er bæði þreyttur og svangur. Hann er búinn að ganga lengi í skóginum en ekkert bólar á jólasveininum. Hann horfir til himins og bíður eftir því að koma auga á hreindýrasleðann koma fljúgandi yfir stjörnum prýddan himininn.



Anton sest á lítinn trjádrumb og þurrkar sér í framan með erminni sinni. Hvernig í ósköpunum á hann að koma jólagjöfinni til Alberts? – Og hvað ætli mamma, pabbi og

Albert séu að gera núna? Þau þurfa að minnsta kosti ekki að vera alein úti í skógi eins og hann. Anton er skyndilega dapur í bragði þar sem hann situr og bíður eftir jólasveininum.

Allt í einu heyrir hann vindinn þjóta í trjákrónunum og bjölluóm í fjarska.

Hann stekkur á fætur, veifar með báðum höndum og hrópar:

- Jólasveinn, jólasveinn, ég þarf að biðja þig fyrir pakka.

Anton hleypur af stað og sér brátt að sleði jólasveinsins hefur sest á opið svæði rétt við skóginn.

- Sæll, litli vinur, segir jólasveinninn.

Anton faðmar jólasveininn að sér og felur andlitið smá stund í mjúka skegginu hans. Hann heilsar líka jólasveinastrákunum sem aðstoða jólasveininn við að raða jólapökkum á sleðann og finna rétta gjöf handa hverju barni.

- Gætir þú komið þessum pakka til Alfreðs, litla bróður míns? spyr Anton.

- Já, auðvitað, segir jólasveinninn – en af hverju lætur þú hann ekki hafa jólagjöfina sjálfur?

- Það er svolítið erfitt, segir Anton. Ég hef sagt öllum að ég ætli að halda jólin

einn í kofanum – en svo er það alls ekki jafn gaman og ég ímyndaði mér.

Anton finnur örlítið tár renna niður kinnina.



Jólasveinninn klappar á kollinn á Antoni. Svo gengur hann að fremsta hreindýrinu og tekur af því silfurbjöllu sem hann réttir Antoni.

- Ef þú skiptir um skoðun, skaltu hringja bjöllumni, sagði hann. Þá kem ég eins fljótt og ég get og þú verður kominn heim, áður en þú veist af. En við höfum mikið að gera núna, svo við verðum að halda áfram.

Anton heldur fast utan um bjöllumuna með annarri hendi og veifar til jólasveinsins með hinni. Hann horfir á eftir sleðanum, alveg þangað til hann hverfur inn í myrkan himininn.



22. desember

Snjórinn þyrlast upp í vindinum fyrir utan kofann í skóginum. Anton liggur inni í rúminu og hugsar um hvað hann muni fá í jólagjöf. Skyldi hann fá nýjan brunabíl – eða þá járnbrautalest - eða kannski veiðistöng? Þetta er mjög spennandi!

Það er kalt í kofanum. Anton ákveður að fá sér eina skál af jólagraut áður en hann fer út til að sækja eldivið. Hann fyllir skálina af graut, setur smörklípu í miðja skálina og stráir vel af kanelsykri yfir. Ummm hvað þetta er gott – þetta er besta jólalyktin sem Anton veit um.



Anton klæðir sig og gægist út. Ekkert hljóð heyrir nema í vindinum og það marrar í snjónum þegar hann stígur út. Hann gengur að grenitrjánnum og beygir sig til að sjá undir neðstu greinarnar. Þarna finnur hann þurrt sprek sem hann getur notað til að kveikja upp.

Allt í einu heyrir hann eitthvert hljóð! Var ekki einhver að hlæja? Hann flýtir sér að klifra upp í tré til að sjá betur. Jú, í fjarska sér hann tvo jólasveinabræður sem draga stóran poka á eftir sér. Þeir virðast skemmta sér vel – og allt í einu saknar Anton Alfreðs ótrúlega mikið. Það er alls ekki skemmtilegt að vera aleinn og í rauninni vildi hann óska þess að hafa einhvern til að deila jólunum með.

Anton gengur hægt inn í kofann með sprekið í fanginu. Á meðan hann kveikir eld í ofninum lítur hann oft í átt til silfurbjöllunnar sem jólasveinninn lét hann hafa. Hann reynir að hugsa ekki um tilboð jólasveinsins, þó að hann langi heim.



23. desember

Anton heldur á silfurbjöllunni í höndunum þegar hann vaknar næsta morgun.

Hann veltir bjöllunni í höndum sér og hugsar. Það er erfitt að viðurkenna að honum hafi skjátlást.

Að skjátlást = að hafa rangt fyrir sér.

En það eru bara jól einu sinni á ári og hann verður að komast heim til að vera með fjölskyldu sinni. Hann brosir breiðu brosi þegar hann hefur tekið þessa ákvörðun. – Ég ætla heim og halda jól, hrópar hann glaður.

- En hvar er nú húfan mín, hugsar Anton. Hann hleypur um kofann til að leita að húfunni en finnur hana hvergi. Þegar hann ætlar að klóra sér aðeins í hausnum dettur húfan á gólfið. – Nú, þú varst á hausnum á mér allan tímann, segir Anton brosandi. Hann setur húfuna á sig aftur og opnar dyrnar.

- Jólasveinn, jólasveinn, hrópar hann. – Ég vildi gjarnan komast heim núna! Hann hringir silfurbjöllunni og hlustar svo. Hann heyrir engan þyt í sleða jólasveinsins. Hann hringir bjöllunni aftur og horfir til himins. Jólasveinninn hefur örugglega mikið að gera, því að í dag er Þorláksmessa, síðasti dagur fyrir aðfangadag. En jólasveinninn lofaði að sækja hann og hann stendur alltaf við það sem hann lofar.

- Jólasveinn! Hrópar Anton einu sinni enn. Á sömu stundu sér hann eitthvað rautt og blátt hátt yfir grenitrjánum og hann klappar saman lófunum þegar hann sér sleðann lenda rétt hjá kofanum.

- Jæja, viltu þá komast heim, þrátt fyrir allt? spyr jólasveinninn.

- Já, takk, segir Anton. Mig langar mest af öllu til að komast heim.

Anton klifrar upp í sleðann og jólasveinninn hvetur hreindýrin af stað. Anton fær fiðring í magann þegar þeir svífa af stað áleiðis heim til mömmu, pabba, Alfreðs og allra dýranna heima á bænum.



24. desember

Mamma og pabbi eru önnum kafin við jólaundirbúning, þegar Anton kemur hlaupandi inn í eldhúsið. Þau hlaupa á móti honum og faðma hann að sér.

Að vera önnum kafin = hafa mikið að gera.

- En hvað það er gott að sjá þig, elsku Anton, segir mamma. Ég er svo ánægð með að þú hefur skipt um skoðun og vilt halda jólin með okkur.

- Já, ég líka, sagði Anton. Það var alls ekki gaman að hafa engan til að deila jólagleðinni með, - og ég saknaði bæði þín og pabba og Alfreðs.

- Gott að þú kemur til að hjálpa okkur að skreyta, sagði pabbi. Við verðum örugglega mörg hér um jólin – og ég held að bæði spörvarnir og hænurnar vilji vera með okkur.

- Húrra, hrópar Anton. Öll fjölskyldan hjálpast að við að laga til og setja greni og jólaskraut í hvern krók og kima í húsinu.

Í hvern krók og kima = alls staðar

Allt er tilbúið og brátt streyma gestirnir inn. Anton býður alla velkomna og hann brosir svo breitt að hann fær næstum verki í kinnarnar.

Svona eiga jólin að vera. Húsið ómar af hlátri og söng – en það er skemmtilegt, eftir þögnina í kofanum – og Anton verður ekkert fúll þó að haninn gali hátt og lengi.

- Þetta eru skemmtilegustu jól sem ég hef nokkru sinni lifað, segir Anton og tekur utan um Alferð, litla bróður sinn og dansar með hann um gólfið. Mamma og pabbi horfa brosandir á.



Gleðileg jól!

